

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Umhverfis- og skipulagsfulltrúi
Ráðhúsinu
900 Vestmannaeyjabær

Garðabær, 29. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0019
IAS

Efni: Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035, nýir reitir fyrir hafnarsvæði Vestmannaeyjahafnar.

Við er í erindi frá Vestmannaeyjabæ, sem barst í gegnum skipulagsgátt 5. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035.

Fyrirhugaðar eru breytingar á höfninni sem snúa að:

- Styttingu Hörgeyrargarðs.
- Gerð viðlegukants undir Kleifum, við Löngu, með því að lengja hafnarkantinn frá Kleifum í átt að Hörgeyrargarði.
- Uppbyggingu stórskipakants, svokallaðs Brimneskants frá Skansfjöru yfir að Gjábakkafjöru, þar sem hægt verður að taka inn stærri flutningaskip, ekjuflutningaskip, auk farþegaskipa og góð aðstaða mun verða fyrir gáma.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Óljóst er hvað verður um svæðið innan við fyrirhugaðan viðlegukant sem liggja á frá Kleifabryggju út að Hörgeyrargarði, en eins og fram kemur í lýsingunni er þó nokkurt æðarvarp í Löngu, einnig nýta aðrir fuglar fjöruna sem setstað. Þá mun ásýnd Heimakletts frá Vestmannaeyjabæ breytast mikið ef viðlegukantur fyrir stór skip verður fyrir framan hann en klettarnir ofan við Löngu þykja mikil bæjarprýði og eru gjarnan lýstir upp í svartasta skammdeginu.

Brimneskantur, frá Skansfjöru yfir að Gjábakkafjöru, til viðbótar við hafnarkant við Skansfjöru sem er í núgildandi aðalskipulagi, kemur til með að hafa veruleg óafturkræf neikvæð áhrif á nútímahraun sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Mikið rask verður á svæði sem er á náttúruminjasrá (svæði 723) og nýtur hverfisverndar (HV4). Auk viðlegukantsins stendur til að vera með athafnasvæði fyrir flutningastarfsemi og geymslusvæði fyrir gáma í Gjábakkafjöru sem kallar á enn meira rask á ósnortnu landi. Þarna er hraunið úr Eldfelli frá 1973 að mestu ósnortið en virkir náttúrulegir ferlar brjóta niður hraunið og mynda hnellingafjörur á milli klettadranga er ganga í sjó fram. Einnig er svæðið rétt við Ystaklett, sem er á náttúruminjasrá (svæði 722), en þar eru miklar og sérstæðar fuglabyggðir. Þá er erfitt að sjá hvernig viðlegukantur á þessum stað og snúningssvæði fyrir stór skip í Klettsvík fari saman með gríðasvæði fyrir mjaldra sem þar er.



Í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 eru nú tveir kostir fyrir nýtt hafnarsvæði, annars vegar við Eiðið og hins vegar við Skansinn. Þar segir á bls. 34-35:


„Það er mat sveitarfélagsins að höfn við Eiðið sé besta lausnin til framtíðar. Í dag er ófremdarástand í Vestmannaeyjahöfn vegna fjölgunar á skipakomum. Vestmannaeyjar eru háðari höfn en flest önnur byggðalög. Bæta þarf aðstöðu til að stærri flutningaskip geti lagst að í Eyjum en geta í dag, vegna takmarkana t.d. á aðstöðu til að snúa skipum á innri höfninni. Vaxtartækifæri Vestmannaeyja eru algjörlega háð höfninni og stækkunarmöguleikum. Ákvörðun um uppbyggingu hafnar er tekin í samgönguáætlun en ekki heima í Eyjum. Þess vegna metur sveitarfélagið stöðuna svo að nauðsynlegt sé hafa báða kosti inni á skipulagi. Verði byggð ný höfn við Eiðið er ólíklegt að einnig verði byggt upp við Skansinn. Ef hins vegar verður byggð ný höfn við Skansinn þá vill sveitarfélagið halda höfn við Eiðið inni á skipulagi þar sem það er besta lausnin til framtíðar.“

Í skipulagslýsingunni er stórskipakantur utan við Eiðið „enn talinn fýsilegur kostur en kostnaðarsöm og umsvifamikil framkvæmd.“ Ef það er enn vilji sveitarfélagsins að framtíðarhöfn verði við Eiðið væri þá ekki rétt að skoða þann kost strax og hlífa þannig hrauninu frá Skansinum og austur fyrir Gjábakkafljóru?

Það fyrsta sem flestir ferðamenn sjá þegar þeir koma til Vestmannaeyja með Herjólfri er stórbrotið náttúrulegt samspil móbergsins í Klettsnefi og nýja hraunsins sem næstum því lokaði höfninni í eldgosinu árið 1973. Ef af Brimneskanti verður kemur manngerður hafnarkantur í stað hraunsins sem breytir ásýnd innsiglingar og upplifun þeirra sem fram hjá fara verður öll önnur.

Ekki eru gerðar neinar athugasemdir við styttingu Hörgeyrargarðs ef sú framkvæmd er möguleg án þess að valda raski í Löngu.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

